

1706036 - Austurgata 36, breyting á deiliskipulagi

Umsögn skipulagsfulltrúa:

Eigendur hyggjast reisa nýtt hús á lóðinn úr steini, stærra en fyrra hús en sem samræmist umhverfi á sem bestan hátt.

Tillaga um breytingu á deiliskipulagi Hafnarfjörður Miðbær vegna þessara áforma var auglýst, grenndarkynnt og til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 8-10 og hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu, Norðurhelli 2, frá 01.11. til 13.12. 2017.

Athugasemdir bárust frá fjórum aðilum innan frests. Í einni athugasemdinni er bent á að yfir standi málaferli núverandi eigenda hússins við fyrri eigendur þess. Skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar fékk staðfest, í símtali við Héraðsdóm Reykjaness, að slík stefna hefði verið lögð fram.

Ljóst er að ekki er unnt að veita framkvæmdaleyfi til niðurrifs hússins að Austurgötu 36 á meðan málaferli standa yfir. Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar hefur óskað eftir upplýsingum um stöðu málaferlanna, ásamt gögnum sem tengjast þeim.

Fjallað verður um aðrar athugasemdir sem bárust við tillöguna að deiliskipulagsbreytingu vegna Austurgötu 36, að fengnum ofangreindum upplýsingum og eftir atvikum málsins.

19. janúar 2018

Guðrún Guðmundsdóttir, arkitekt/skipulagsfræðingur
Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar.